

**Samantekt: Upplifun foreldra á fæðingarorlofi / Icelandic parents experience of the parental leave**

**Nemandi: Bryndís Jónsdóttir**

**Sérsvið: Mannauðsstjórnun**

**Dagsetning: Maí 2007**

### **Icelandic:**

Markmiðið með rannsókninni var að kanna upplifun foreldra á fæðingarorlofi og ýmsum atriðum sem tengjast fæðingarorlofstöku. Um er að ræða stærstu og viðamestu rannsókn á þessu máli sem gerð hefur verið hér á landi. Þátttakendur voru 2387 karlar og konur sem eignuðust börn á árunum 2001, 2002, 2003 og 2004. Þeir svöruðu 62 spurningum á netinu eða í gegnum síma. Þjónusta Capacent Gallup var nýtt við framkvæmd og tölfræðiúrvinnslu. Helstu niðurstöður voru þær að lang flestir fullnýta lögbundinn og óskiptan rétt sinn til fæðingarorlofs. Nýting á sameiginlega hlutanum kemur hins vegar nánast eingöngu í hlut kvenna. Karlar eru miklu líklegri en konur til að skipta orlofinu upp og auk þess líklegri til að sinna starfi sínu að einhverju leyti á meðan á orlofstökunni stendur. Þá er líklegra að afleysingastarfsmaður sé ráðinn til starfa til að leysa konu af í fæðingarorlofinu heldur en karl. Einungis þriðjungur þátttakenda er kunnugt um lögbundinn rétt fólks til foreldraorlofs og fáir hafa nýtt sér þennan rétt. Rannsóknin sýnir auk þess að einum af hverjum tíu sem snúa ekki til baka til starfa hjá fyrri vinnuveitanda hefur verið sagt upp störfum. Talsvert fleiri konur en karlar taka sjálfar ákvörðun um að snúa ekki aftur til starfa til fyrri vinnuveitanda. Munur er á svörum starfsmanna hjá opinberum stofnunum samanborið við starfsmenn einkafyrirtækja. Einnig er munur á svörum fólks eftir því hvort yfirmaður er karl eða kona. Í heildina séð er sá munur kvenstjórnendum í hag.

### **English:**

The purpose of the study was to explore the way parents experience the parental leave and various factors related to it. This is the biggest and most extensive study related to this issue that has been performed in Iceland. Participants were 2387 men and women that had children during the years 2001, 2002, 2003 and 2004. They answered 62 questions on the Internet or through telephone. The service provided by Capacent Gallup was utilized with the procedure and statistical analysis of the study. The main results were that the majority of the participants utilize their undivided and lawful right to take parental leave. It appears that women are almost exclusively using the collective part of the parental leave. Men are much

more likely than women to divide up the leave and are also more likely to work to some extent while taking their leave. It is also more common that a person is hired to replace a woman than a man during their parental leave. Only one third of the participants are familiar with the lawful right to take an unpaid parental leave and only a few have utilized it. In addition, the study shows that ten percent of those who do not return to their previous employer have been laid off. Considerably more women than men decide not to return working for their previous employer. A difference in responding was found between employees working in the public sector and employees working in private companies. The responses are also different depending on the gender of the superior. Taken as a whole, this difference is advantageous to female directors.